

yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun til svara-
manns í hjeradi, Árna lækni Jónssonar, 4 krónur,
og málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir
yfirdómi, málflytningsmannanna Guðl. Guðmunds-
sonar og Páls Briem, 10 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna
frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 29/1888.

Rjettvísni

gegn

Guttormi Skúlasyni.

D ó m u r :

Mál þetta er í hjeradi höfðað gegn hinum ákærða,
Guttormi Skúlasyni, fyrir misþyrmingu á hundi og
æðarfugladráp, og er hann með dómi aukarjettar Sud-
urmúlasýslu, upp kveðnum 31. okt. f. á., dæmdur fyr-
ir brot þessi til að sitja í einföldu fangelsi í 1 — einn —
mánuð, og til að greiða allan kostnað sakarinnar.
Dómi þessum hefur verið áfrýjað til yfirdómsins ept-
ir beiðni hins ákærða.

Það er með játningu hins ákærða og öðrum skýrsl-
um í málinu sannað, að hann galti hund, sem hann
eignaðist haustið 1886, en eigi vildi tolla heima hjá
honum, með því móti að hann reyrdi seglgarni fyrir
ofan eystun á hundinum. Þetta gjörði hann eptir vetur-
nætur 1886, skeytti síðan ekkert um hundinn, svo
að hann komst á flæking, þangað til maður sá, er
áður hafði átt hundinn, tók hann heim til síu á þorr-
anum næst á eptir. Hafði þá grafið í eystnakyllin-
um sakir meðferðar þessarar, annað eystað var graf-

ið burtu, en hitt hjekk við hundinn skinnlaust. Síðan var hundurinn græddur og varð heill. Hinn ákærði hefur borið það fram, að hann hafi farið þannig með hundinn af fákænsku og hugsunarleysi, en eigi af „illvilja“ (þræl-lund). Um æðarfugladrápið hefur hinn ákærði viðurkennt, að hann hafi drepið 3 æðarfugla veturinn 1886, og matreitt þá heima hjá sjer. — Hinn ákærði, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna, hefur eigi áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurn glæp.

Fyrir misþyrmingu á hundinum ber að refsa hinum ákærða eptir 299. gr. í almennum hegningarlögum 25. júní 1869, og þykir refsingin hæfilega ákveðin 50 kr. sekt til landsjóðs, en verði sektin eigi greidd innan ákveðins tíma, komi í hennar stað 15 daga einfalt fangelsi. Fyrir æðarfugladrápið á hinn ákærði að sæta 3 kr. sekt samkvæmt tilskipun 20. júní 1849, og renni sekt þessi í hlutadeigandi sveitar-sjóð. Allan kostnað málsins bæði í hjeradi og fyrir yfirdómi á hinn ákærði einnig að greiða, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, er ákveðast 10 kr. til hvors.

Þegar hinum ákærða var skýrt frá því fyrir undirjettinum, að opinbert mál yrði höfðað á móti honum fyrir ofanefnd afbrot, ljét hann í ljósi þá ósk, að síra Þorsteinn Halldórsson yrði skipaður svara-maður sinn í málinu. Það virðist og mega sjá það af því, er síðar fór fram í málinu, að undirdómarinn hafi skipað prestinn til að vera svaramaður hins ákærða. Samt sem áður mætti hann eigi, þegar málið kom fyrir rjettinn, og var tekið undir dóm, og ekkert varnarskjal kom frá hans hendi fyrir hinn á-

kærða. En í „privat“-brjefi til sýslumanns skrifaði hann sitt álit um málið og málstað ákærða, og er klausa sú innfærð í dómsgjörðirnar. Það þykir þó eigi ástæða til þess, að ónýta undirjettardóminn í máli þessu fyrir þessa skuld, með því að hinn ákærði mætti sjálfur, þegar málið var tekið undir dóm, og lýsti því yfir, að hann kannaðist við hin framlögðu skjöl, og að hann hefði ekkert annað fram að bera sjer til málsbóta, en það sem áður væri fram komið, og sem hann nú tilgreindi, og síðan heimtaði sig frifundinn. Og þó að þessi málsmedferð sje mjög svo vitaverð af hálfu undirdómarans, þá þykir þó eigi alveg nægileg ástæða til að sekta hann fyrir hana. Að öðru leyti hefur rekstur málsins í hjerði verið viðunanlegur, og málsfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Guttormur Skúlason, á að greiða 50 króna sekt í landsjóð, en verði hún eigi öll greidd innan ákveðins tíma, á hann að sæta einföldu fangelsi í 15 daga. Enn fremur greiði hinn ákærði 3 kr. sekt í sveitarsjóð Mjóafjarðarhrepps. Svo ber honum og að greiða allan kostnað máls þessa, bæði í hjerði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málflutningsmannanna Páls Briem og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 3/1888.

Sigurður Eiríksson
 gegn
 Sigurði Indriðasyni og
 sýslumanni Jóni Johnsen.

Dómur:

Með dómi aukarjettar Suðurmúlasýslu, upp kveðnum 26. sept. f. á., var áfrýjandi máls þessa, Sigurður Eiríksson, dæmdur fyrir meiðandi ummæli um hinn stefnda, Sigurð Indriðason, til að greiða 20 kr. sekt til landsjóðs, eða sæta 6 daga einföldu fangelsi, svo og til að lúka öllum af málinu löglega leiðandi kostnaði.

Dómi þessum hefur Sigurður Eiríksson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, út gefinni 24. jan. þ. á., og krafizt þess, að hann verði dæmdur ómerkur, eptir atvikum án heimvísunar eða með heimvísan að nokkru leyti, að hinn stefndi undirdómari verði sektaður fyrir meðferð sína á málinu, og að hinir stefndu, annarhvor eða báðir, verði dæmdir til að greiða allan málskostnað fyrir báðum dómum. Á hiun bóginn hefur málsfærslumaður hinna stefndu krafizt þess, fyrst og fremst, að málinu verði vísað frá yfirdómi, og *in subsidium*, að undirrjettardómurinn verði staðfestur, svo og að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða hinum stefndu málskostnað fyrir báðum dómum, hvernig sem úrslit málsins annars verða.

Frávísunarkröfu sína styður málsfærslumaður hinna